

Ed.

58. Nefndarálit

um frumvarp til laga um þyngd bakarabrauða.

Frá allsherjarnefndinni.

Eins og sjest á athugasemdum við lagafrumvarp þetta og fylgiskjölum þeim, sem prentuð eru aftan við þær, voru gefin út bráðabirgðalög um þyngd bakarabrauða 16. nóv. 1916, eftir málaleitun frá bæjarstjórn Reykjavíkur, og er það fært til sem aðalástæða fyrir lögum þessum, að bakarabrauð sjeu mjög misjöfn að þyngd, þó sama gjald sje tekið fyrir, og jafnvel gengið út frá, að þyngd þeirra sje ákveðin af venju, sjerstaklega rúgbrauða í Reykjavík.

Nefndin verður að fallast á þessa ástæðu, og vill leggja til, að háttv. deild samþykki frumvarpið, að eins með þeirri breytingu, að samþyktir eftir því sjeu staðfestar af stjórnarráðinu, svo samræmi náist og hæfilegt eftirlit sje haft með sveitar- og bæjarstjórnnum í þessu tilliti.

Breytingartillögur nefndarinnar að öðru leyti miða að eins til þess að gera ákvæði frumvarpsins gleggri, og verður gerð grein fyrir þeim í framsögunni.

Alþingi, 3. janúar 1917.

Karl Einarsson, H. Hafstein.
form., ritari og framsögumaður.

Jóh. Jóhannesson.

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. A eftir 1. gr. komi ný grein, sem verður 2. gr., svo hljóðandi:
Samþyktir eftir lögum þessum öðlast ekki gildi fyr en stjórnarráðið hefir staðfest þær, og skulu birtar í B-deild Stjórnartíðindanna.
2. Við 2. gr.
 - a) Í stað orðanna »má ákveða« komi:
má meðal annars ákveða.
 - b) Í stað orðanna: »hlutaðeigandi bæjarsjóðs og sveitarsjóðs« komi:
bæjar- eða sveitarsjóðs, þar sem brotið er framið.
 - c) Í stað orðanna: »brotum skal farið« komi:
brotum gegn samþykt eftir lögum þessum skal farið.
3. 3. gr. verður 4. gr.